

Ed.

282. Frumvarp til laga

[227. mál]

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. málsg. 3. gr. laganna orðist þannig:

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

2. gr.

2. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu auk þess dómara starfa einn til fimm dómara eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

4. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómara við hvert þessara embætta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um breytingu á lögum um skipan dómsvalds í héraði o. fl. (nr. 74/1972), sem geri mögulegt að, í stað embættis löglærðs fulltrúa við embætti sýslumanns í Árnessýslu og bæjarfógeta á Selfossi og við borgarfógetaembættið í Reykjavík verði unnt að setja á stofn embætti héraðsdómara við embættið á Selfossi og eins borgarfógeta við borgarfógetaembættið.

Í Árnessýslu og á Selfossi eru nú hátt á 11. þúsund íbúar og hefur dómsmálum fjölgað þar jafnt og þétt, og þykir það til styrktar meðferð dómsmála í umdæminu, að þar verði starfandi sérstakur héraðsdómari, svo sem orðið er í öllum fjölmennari umdæmum. Ekki er þó ætlunin að þessu fylgi nú fjölgun lögfræðinga við embættið. Frá árinu 1979 hefur einn borgarfógeti, auk fulltrúa, fjallað um skiptaréttarmálefni við borgarfógetaembættið í Reykjavík, en þeir höfðu áður um árabíl verið tveir. Komið hefur í ljós að betur hentar, vegna mögulegrar verkaskiptingar og af fleiri ástæðum, að borgarfógetarnir, sem um þau málefni fjalla séu tveir, svo sem áður var. Þess má geta, að málum, sem fjallað er um í skiptarétti, hefur fjölgað mjög verulega hin síðustu ár við borgarfógetaembættið. Ekki er þó gert ráð fyrir, í þessu samhengi, að lögfræðingum verði nú fjölgað við borgarfógetaembættið.

Rétt þykir, að jafnframt ofangreindum efnisbreytingum, verði lagfærð þau atriði sem breyst hafa frá 1972 er lög um skipan dómsvalds o. fl. voru sett, að því er varðar sveitarfélög í Reykjanesumdæmi, þ. e. að Gullbringusýsla hefur verið lögð til umdæmis bæjarfógetans í Keflavík og Grindavík og Njarðvík hafa orðið kaupstaðir. Enn fremur hafa Garðahreppur og Seltjarnarnesshreppur orðið kaupstaðir.